# Námsáætlun fyrir Hönnun og smíði - 3. bekkur
## skólaárið 2019 – 2020

**Kennari:** Ásdís Erla Guðjónsdóttir
**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku í eina önn

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Handverk** | **Nemendur þurfa að öðlast hæfni í að:**<br>• Velja og nota nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt. | Nemendur vinna hluti úr timbri þar sem reynir á notkun helstu verkfæra smíðastofunnar.<br><br>Leitast er við að örva sköpunargleði, ímyndunarafl, sjálfstæði og sjálfstraust með vinnu þar sem nemandinn vinnur frjálst útfrá sínum hugmyndum á milli verkefna. | Mat tekur tillit til virkni og vinnusemi í tímum.<br>Vinnubrögð og handbragð hluta metið.<br>Að mestu er stuðst við símat, þ.e. kennarinn metur nemandann eftir hvern tíma. |
| **Hönnun og tækni** | • Framkvæma einfaldar samsetningar.<br>• Benda á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi. | Nemendur setja saman hluti, ýmist negla eða líma, eftir tegund verkefna.<br><br>Við tengjum tækni, hönnun og smíði við daglegt líf nemandans og styðjumst við veraldarvefinn til upplýsinga. | |
| **Umhverfi** | • Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.<br>• Beita líkamanum rétt við vinnu sína og sýna rétta notkun hlífðarbúnaðar. | Við vinnu á verkefnum er ávallt leitast við að nýta efnið sem best. Mikið er unnið með afganga og það sem til fellur í smíðastofunni.<br><br>Kennarinn leiðbeinir nemanda við vinnuna og hvernig best er að beita líkamanum við vinnu. | |

**Námsgögn:**
Unnið er með ýmsar fyrirmyndir að verkefnum bæði í eigu skólans og af veraldarvefnum

**Lokanámsmat:**
Einkunnir gefnar með A, B+, B, C+, C eða D.